

### **Króatía 18.-22. Október**

Vikuna 18. – 22. Október fóru 3 kennarar úr Arnarsmára til Zagreb í Króatíu. Ferðin er hluti af Erasmusverkefninu okkar „The Power of Reading“. Hlutverk kennara þar var að kynna hvernig hægt er að nota bækur til að leysa ýmis vandamál. Þar voru margir áhugaverðir fyrirlestrar sem eiga eftir að nýtast okkur starfi með börnunum í Arnarsmára. Heimsóknin var mjög gefandi í alla staði og gaman að kynnast hvernig skólakerfið er hjá öðrum þjóðum í Evrópu. Í febrúar koma svo kennarar frá þeim 5 löndum sem eru með okkur í verkefninu til Íslands.